

Lýfið er ekki lengur með markaðsleyfi

VÍÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKU LÝFS

1. HEITI LYFS

Zerit 15 mg hart hylki
Zerit 20 mg hart hylki
Zerit 30 mg hart hylki
Zerit 40 mg hart hylki

2. INNIHALDSLÝSING

Zerit 15 mg hart hylki
Hvert hylki inniheldur 15 mg stavúdfn.

Hjálparefni með þekkta verkun
Í hverju hylki er 80,84 mg af vatnsfríum mjólkursykri.
Í hverju hylki er 40,42 mg af mjólkursykurseinhýdrati.

Zerit 20 mg hart hylki
Hvert hylki inniheldur 20 mg stavúdfn.

Hjálparefni með þekkta verkun
Í hverju hylki er 121,30 mg af vatnsfríum mjólkursykri.
Í hverju hylki er 60,66 mg af mjólkursykurseinhýdrati.

Zerit 30 mg hart hylki
Hvert hylki inniheldur 30 mg stavúdfn.

Hjálparefni með þekkta verkun
Í hverju hylki er 121,09 mg af vatnsfríum mjólkursykri.
Í hverju hylki er 60,54 mg af mjólkursykurseinhýdrati.

Zerit 40 mg hart hylki
Hvert hylki inniheldur 40 mg stavúdfn.

Hjálparefni með þekkta verkun
Í hverju hylki er 159,06 mg af vatnsfríum mjólkursykri.
Í hverju hylki er 79,53 mg af mjólkursykurseinhýdrati.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Hart hylki.

Zerit 15 mg hart hylki
Hylkið er rautt og gult, ógegnsætt, með áletruninni „BMS“ yfir BMS númeri „1964“ á annarri hliðinni og „15“ á hinn hliðinni.

Zerit 20 mg hart hylki
Hylkið er brúnt, ógegnsætt, með áletruninni „BMS“ yfir BMS númeri „1965“ á annarri hliðinni og „20“ á hinn hliðinni.

Zerit 30 mg hart hylki
Hylkið er appelsínugult og appelsínurautt, ógegnsætt, með áletruninni „BMS“ yfir BMS númeri „1966“ á annarri hliðinni og „30“ á hinn hliðinni.

Zerit 40 mg hart hylki

Hylkið er appelsínurautt, ógegnsett, með áletruninni „BMS“ yfir BMS númeri „1967“ á annarri hliðinni og „40“ á hinni hliðinni.

4. KLÍNISKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Zerit er ætlað til meðferðar á fullorðnum sjúklingum með HIV sýkingu, samtímis meðferð með öðrum andretróveirulyfjum, og börnum (eldri en þriggja mánaða) eingöngu þegar ekki er hægt að notast við aðra andretróveirumeðferð. Meðferð með Zerit á að vera eins stutt og kostur er (sjá kafla 4.2).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Einungis læknir með reynslu í meðferð HIV sýkinga á að hefja meðferðina (sjá einnig kafla 4.4).

Þegar meðferð með Zerit hefst á að hafa meðferðina eins stutta og kostur er og sláa þóra viðeigandi meðferð þegar það er mögulegt. Sjúklingar sem halda áfram meðferð með Zerit á að meta oft og skipta yfir í aðra viðeigandi meðferð þegar það er mögulegt (sjá kafla 4.4).

Skammtar

Fullorðnir: ráðlagðir skammtar til inntöku

Þyngd sjúklings	Skammtur Zerit
< 60 kg	30 mg tvisvar sinnum á dag (á 12 klst. fresti)
≥ 60 kg	40 mg tvisvar sinnum á dag (á 12 klst. fresti)

Börn

Unglingar og börn eldri en þriggja mánaða: ráðlagðir skammtar til inntöku

Þyngd sjúklings	Skammtur Zerit
< 30 kg	1 mg/kg tvisvar sinnum á dag (á 12 klst. fresti)
≥ 30kg	sömu skammtar og fyrir fullorðna

Nota á Zerit mixtúruduft, lausn hjá börnum yngri en 3 mánaða. Fullorðnir sjúklingar sem eiga í erfiðleikum með að gleypa hylkin ættu að spyrja lækninn um möguleika á að skipta yfir í duftform lyfsins.

Sjá samantekt og einkuleikum lyfs (SPC) fyrir mixtúruduft, lausn.

Breytingar á skammtum

Úttáugakvillar: ef einkenni úttáugakvilla koma fram (venjulega er um þrálátan dofa, náladofa eða verk í þotum og/eða höndum að ræða) (sjá kafla 4.4), ef við á þarf að breyta meðferðinni. Ef það kemtar ekki, sem er sjaldgæft má hugsanlega minnka skammt stavúðins en fylgjast vel með einkennum úttáugakvilla og viðhalda viðunandi veirubælingu.

Hugsanlega kosti þess að minnka skammta þarf að veða og meta fyrir hvert einstakt tilvik gegn áhættunni, sem getur skapast við þessa aðgerð (minni þétni inni í frumunni).

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir: ekki hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á Zerit hjá sjúklingum eldri en 65 ára.

Skert lifrarstarfsemi: ekki er nauðsynlegt að breyta upphafsskömmtum.

Skert nýrnastarfsemi: mælt er með eftirfarandi skömmtum

Þyngd sjúklings	Skammtur Zerit (með kreatínín úthreinsun til hliðsjónar)	
	26-50 ml/mín	≤ 25 ml/mín (einnig sjúklingar í himnuskilun*)
< 60 kg	15 mg tvisvar sinnum á dag	15 mg á 24 klst. fresti
≥ 60 kg	20 mg tvisvar sinnum á dag	20 mg á 24 klst. fresti

* Sjúklingar í blóðskilun eiga að taka Zerit að henni lokinni og á sama tíma þá daga sem þeir fara ekki í blóðskilun.

Þar sem útskilnaður stavúdíns er einnig aðallega um nýru hjá börnum getur úthreinsun stavúdíns hugsanlega verið breytt hjá börnum með skerta nýrnastarfsemi. Þótt ófullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi til að ráðleggja ákveðna breytingu á skömmtum Zerit hjá þessum sjúklingum þarf að hugleiða að minnka skammta og/eða auka skammtabil í hlutfalli við breytingar á skömmtum fullorðinna. Engar ráðleggingar um skammta eru til fyrir börn yngri en þriggja mánaða með skerta nýrnastarfsemi.

Lyfjagjöf

Fyrir hámarks frásog á að taka Zerit fastandi (þ.e. a.m.k. einni klst. fyrir málið) ef það er ekki mögulegt má taka það með létttri máltíð. Einnig má gefa Zerit með því að opna harða hylkið gætilega og blanda innihaldinu út í mat.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju öðru af innihaldsefnum lyfsins sem talin eru upp í kafla 6.1. Samhliðanotkun dídanósíns vegna hugsanlegra hættulegra og/eða lífshættulegra tilfella mjólkursýrublóðsýringar, óeðlilegrar lifrarstarfsemi, brisbólgu eða úttaugakvilla (sjá kafla 4.4 og 4.5).

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Þrátt fyrir sýnt hafi verið fram á að virkuhamlandi virkni með andretróveirumeðferð minnki verulega smithættu við kynlíf, er ekki hægt að útloka að einhver áhætta sé til staðar. Gera skal varúðarráðstafanir til að hindra smit samkvæmt leiðbeiningum í hverju landi fyrir sig.

Meðferð með stavúdíni tengist ýmsum alvarlegum aukaverkunum t.d. mjólkursýrublóðsýringu, fiturýrnun og fjöлтаugakvilla sem er hugsanlega af völdum eiturverkana á hvatbera. Vegna hugsanlegrar hættu við notkun, skal fara fram áhættu/ávinnings mat á einstaklingsgrundvelli og íhuga vandlega aðra meðtreðveirumeðferð (sjá *Mjólkursýrublóðsýring*, *Fiturýrnun* og *Fjöлтаugakvillar* hér fyrir neðan og í kafla 4.8).

Mjólkursýrublóðsýring (lactic acidosis): greint hefur verið frá mjólkursýrublóðsýringu, venjulega samfara lifrarstækkun og fituhrönnun (steatosis) í tengslum við notkun á stavúdíni. Einkenni sem koma snemma í ljós (hækkuð mjólkursýrugildi í blóði með einkennum) eru m.a. góðkynja einkenni frá meltingarvegi (ógleði, uppköst og kvíðverkir), ósérhæfður lasleiki, lystarleysi, þyngdartap, einkenni frá öndunarfærum (hröð og/eða djúp öndun) eða einkenni frá taugakerfi (m.a. slappleiki í hreyfingum). Dánartíðni vegna mjólkursýrublóðsýringar er há og getur tengst brisbólgu, lifrabílun, nýrnabílun eða hreyfilömun.

Mjólkursýrublóðsýring kemur oftast fram eftir örfáa mánuði eða nokkurra mánaða meðferð. Meðferð með stavúdíni ber að stöðva ef hækkuð mjólkursýrugildi í blóði með einkennum og blóðsýring af völdum umbrots/mjólkursýru, framsækin lifrarstækkun eða ört hækkandi amínótransferasagildi koma fram. Gæta þarf varúðar þegar sjúklingar (sérstaklega of feitar konur) með lifrarstækkun, lifrabólgu eða aðra þekkta áhættuþætti lifrarsjúkdóma og fituhrönnun fá stavúdíni (m.a. með tilliti til ákveðinna lyfja og áfengis). Sjúklingar sem einnig eru með lifrabólgu C og meðhöndlaðir eru með alfa interferon og ríbavírín geta verið í sérstakri áhættu.

Sjúklingum í aukinni hættu þarf að fylgjast vel með. (sjá einnig kafla 4.6).

Lifransjúkdómar: lifrabólga eða lifrabilun hefur komið fram og hefur leitt til dauða í nokkrum tilvikum. Öryggi notkunar og verkun Zerit hafa ekki verið staðfest hjá sjúklingum með undirliggjandi alvarlega lifransjúkdóma. Sjúklingar með langvinna lifrabólgu B eða C sem fá andretróveirumeðferð eru í aukinni hættu á að fá alvarlegar og jafnvel lífshættulegar aukaverkanir í lifur. Þegar um er að ræða samhliða veiruhamlandi meðferð gegn lifrabólgu B eða C ættu læknar einnig að kynna sér upplýsingar um þau lyf.

Sjúklingar með fyrirliggjandi lifransjúkdóm, þ.m.t. langvinna, virka lifrabólgu verða oftast fyrir truflunum á lifrarstarfsemi meðan á samsettri andretróveirumeðferð stendur og skal fylgjast með þeim í samræmi við staðlaðar venjur. Ef fram koma merki um versnandi lifransjúkdóm hjá slíkum sjúklingum verður að íhuga að grípa inn í eða stöðva meðferðina.

Þegar magn transamínasa hækkar skyndilega (ALT/AST, > 5-föld eðlileg efri mörk (ULN)) þarf að hugleiða að hætta notkun Zerit og annarra lyfja sem hugsanlega hafa eiturráhrif á lifur.

Fiturýrnun: Sýnt hefur verið fram á að vegna eiturvekana á hvatbera valdi stavúmrýrnun á fitu undir húð sem greinilegust er í andliti, á útlimum og rasskinnum.

Í slembuðum samanburðarrannsóknum hjá sjúklingum sem ekki höfðu fengið meðferð áður kom klínísk fiturýrnun fram hjá hærra hlutfalli sjúklinga sem fengu stavúðín samanborið við þá sem fengu önnur nukleósíð (tenófóvír eða abacavír). Mæling með DEXA-aðferð (Dual energy x-ray absorptiometry) sýndi fitutap á öllum útlimum hjá sjúklingum sem fengu stavúðín miðað við fituaukningu eða enga breytingu hjá sjúklingum sem fengu aðra nukleósíð bakritahemla (abacavír, tenófóvír eða zidóvúðín). Tíðni og alvarleiki fiturýrnunar með stavúðín meðferðir fer smávxandi með tímanum. Í klínískum rannsóknum jókst fita á útlimum með óverulegum eða engum bata á klínískri fiturýrnun hjá sjúklingum sem skiptu úr meðferð með stavúðini yfir í önnur nukleósíð (tenófóvír eða abacavír). Vegna hugsanlegrar hættu við notkun Zerit, m.a. á fiturýrnun skal fara fram áhættu/ávinningi mat á einstaklingsgrundvelli og íhuga vandlega aðra andretróveirumeðferð. Framkvæma á tíðar skoðanir hjá sjúklingum sem fá Zerit og leggja fyrir spurningar m.t.t. einkenna fiturýrnunar. Ef fram koma einkenni um líki skal íhuga að hætta meðferð með Zerit.

Líkamsþyngd og efnaskiptabreytur: Aukning á líkamsþyngd og gildum blóðfitu og glúkósa getur komið fram í retróveirulyfjameðferð. Þær breytingar geta að hluta tengst stjórnun sjúkdómsins og lífsstíl. Hvað varðar blóðfitu eru sumum tilvikum vísbendingar um að meðferðin sjálf hafi þessi áhrif en varðandi aukningu líkamsþyngdar eru ekki sterkar vísbendingar um að nein ákveðin meðferð hafi þessi áhrif. Vísað er til áhættulegra leiðbeininga um HIV-meðferð vegna eftirlits með blóðfitu og glúkósa. Blóðfituöskun skal meðhöndla eins og klínískt á við.

Úttaugakvilli: allt að 20% sjúklinga sem fá meðferð Zerit fá úttaugakvilla sem byrja oft nokkrum mánuðum eftir meðferð. Sjúklingar með sögu um taugakvilla eða aðra áhættuþætti (t.d. áfengi, lyf eins og ísóniazíð) eru í aukinni hættu. Fylgjast á með sjúklingum m.t.t. einkenna (þráláts dofa, náladofa eða verkja í hötum og/eða höndum) og ef einkenni koma fram skal breyta meðferð (sjá kafla 4.2 og Samsetningar sem ekki er mælt með, hér fyrir neðan).

Brisbólga: um 5% sjúklinga með sögu um brisbólgu, fengu brisbólgu þegar þeir voru meðhöndlaðir með Zerit, samanborið við 2% sjúklinga án slíkrar sögu. Fylgjast á náð með einkennum brisbólgu hjá sjúklingum sem eru í mikilli hættu á að fá brisbólgu og einnig hjá þeim sem fá lyf sem vitað er að tengjast brisbólgu.

Ónæmisendurvirkjunarheilkenni: Hjá HIV-sýktum sjúklingum með alvarlegan ónæmisbrest við upphaf samsettrar andretróveirumeðferðar (combination antiretroviral therapy (CART)) getur komið fram bólgusvörun við einkennalausum tækifærissýklum eða leifum þeirra og valdið alvarlegu klínísku ástandi eða versnun einkenna. Að jafnaði hefur slík svörun komið fram á fyrstu vikum eða mánuðum eftir að samsett andretróveirumeðferð er hafin. Dæmin sem um ræðir eru sjónubólga vegna cýtómegalóveiru, útbreiddar og/eða afmarkaðar sýkingar af völdum mýcóbaktería og lungnabólga af

völdum *Pneumocystis carinii*. Meta skal öll bólgueinkenni og hefja meðferð þegar þarf. Einnig hefur verið greint frá því að sjálfsofnæmissjúkdómar (eins og Graves sjúkdómur og sjálfsofnæmis lifrabólga) hafi komið fram við ónæmisendurvirkjun. Hinsvegar er breytilegt hvenær það gerist og geta slík tilfelli komið fram mörgum mánuðum eftir upphaf meðferðar.

Beindrep: þrátt fyrir að orsökina sé talin margþætt (þar með talin notkun barkstera, áfengisneysla, öflug ónæmisbæling, hár líkamsþyngdarstuðull (BMI)) hefur einkum verið greint frá beindrepi hjá sjúklingum með langt genginn HIV-sjúkdóm og/eda sjúklingum sem hafa notað samsetta andretróveirumeðferð í langan tíma. Sjúklingum skal ráðlagt að leita læknisaðstoðar ef þeir finna fyrir verkjum eða sársauka í liðum, stífleika í liðum eða eiga erfitt með hreyfingar.

Mjólkursykuróþol: harða hylkið inniheldur mjólkursykur. Sjúklingar með galaktósaóþol, laktasíðbrátt (Lapp lactase deficiency) eða vanfrásog glúkósa-galaktósa sem eru mjög sjaldgæfir kvillar skulu ekki nota lyfið.

Samsetningar sem ekki er mælt með: greint hefur verið frá brisbólgu (stundum lífshættulegri) og úttaugakvilla (í sumum tilvikum alvarlegum) hjá sjúklingum með HIV sýkingu sem hafa fengið stavúdín ásamt hýdroxýúra og dídanósín (sjá kafla 4.3). Við lyfjagát eftir markaðssetningu var greint frá eituráhrifum á lifur og lifrabílu sem leiddi til dauða hjá sjúklingum með HIV sýkingu sem fengu meðferð með andretróveirulyfjum og hýdroxýúra. Þegar um lífshættulega lífrásjúkdóma var að ræða höfðu sjúklingarnir oftast fengið stavúdín, hýdroxýúra og dídanósín. Því er ekki að nota hýdroxýúra við meðferð á HIV sýkingu.

Aldraðir: ekki hafa verið gerðar sértækar rannsóknir með Zerit á sjúklingum eldri en 65 ára.

Börn

Börn yngri en þriggja mánaða: Gögn um öryggi meðferðar eru fyrirbyggjandi eftir klínískra rannsókn þar sem 179 nýburar og börn undir þriggja mánaða aldri fengu meðferð í allt að 6 vikur (sjá kafla 4.8). Athuga þarf sérstaklega meðferðarsögu og þömlundun HIV-veirunnar hjá móður.

Rangstarfsemi hvatbera eftir útsetningu: nýtt nukleós(t)íð hliðstæður geta haft áhrif á starfsemi hvatbera í mismunandi mæli sem er greinilegt með stavúdíni, dídanósíni og zídóvúdíni. Greint hefur verið frá rangstarfsemi hvatbera hjá HIV-veirvæðum ungbörnum, sem voru útsett fyrir nukleósíð hliðstæðum í móðurkviði og/eda eftir fæðingu (sjá einnig kafla 4.8). Þetta hefur aðallega tengst meðferð sem inniheldur zídóvúdín. Helstu aukaverkanirnar sem greint var frá voru breyting á blóðmynd (blóðleysi, dauðkyrnisgafæð) og efnaskiptatruflanir (hátt gildi mjólkursýru og lípasa í blóði). Þessar aukaverkanir hafa oft verið skammvinnar. Í mjög sjaldgæfum tilvikum hefur verið greint frá síðkomnum truflunum frá taugakerfi (ofstæling, krampi, óeðlileg hegðun). Enn er ekki vitað hvort slíkar truflanir gangi til baka eða eru viðvarandi. Þessar niðurstöður skal hafa í huga hjá börnum sem útsett eru fyrir nukleós(t)íð hliðstæðum í móðurkviði með tilliti til alvarlegra klínískra niðurstaðna af óþekktum uppruna einkum taugafæðilegs eðlis. Þessar niðurstöður hafa ekki áhrif á núverandi ráðleggingar um andretróveirumeðferð hjá konum á meðgöngu til að koma í veg fyrir að HIV smit berist milli móður og barns.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Stavúdín má ekki nota samhliða dídanósíni þar sem bæði lyfin sýna aukna hættu á eiturverkunum á hvatbera (sjá kafla 4.3 og 4.4.).

Vegna þess að virk seyting stavúdíns á sér stað í nýrnáplum, eru milliverkanir við önnur lyf sem skilin eru út með virkri seytingu hugsanlegar, t.d. við trímétóprím. Samt sem áður hefur ekki verið sýnt fram á neinar milliverkanir við lamívúdín, sem hafa klínískra þýðingu.

Zídóvúdín og stavúdín fosfórýlerast fyrir tilstilli ensíms (týmidín kínasa) inni í frumunum, þar sem zídóvúdín nýtur forgangs dregur úr fosfórýleringu stavúdíns og um leið úr myndun hins virka forms, þrifosfats. Zídóvúdín á því ekki að nota samtímis stavúdíni.

Í *in vitro* rannsóknum hefur verið sýnt fram á að doxórúbisín og ríbavírín koma í veg fyrir virkjun stavúdíns, en það á ekki við um önnur lyf sem notuð eru við HIV sýkingum og fosfórýlerast á sama hátt, t.d. dídánósín, zalkítabín, ganciklovír og foskarnet, því skal gæta varúðar þegar stavúdín er gefið ásamt annaðhvort doxórúbisíni eða ríbavíríni. Áhrif stavúdíns á fosfórýleringu núkleósíð hliðstæða, annarra en zídóvúdíns hafa ekki verið rannsökuð.

Ekki hefur verið sýnt fram á milliverkanir sem hafa klíníska þýðingu á milli stavúdíns og nelfínavírs eða á milli stavúdíns/dídánósín og nelfínavírs.

Stavúdín hamlar ekki aðal P450 ísóensímín CYP1A2, CYP2C9, CYP2C19, CYP2D6 eða CYP3A4, því er ólíklegt að klínískt marktækar milliverkanir verði við lyf sem umbrotna eftir þessum leiðum.

Þar sem stavúdín er ekki próteinbundið er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á lyfjahvörf próteinbundinna lyfja.

Engar formlegar rannsóknir á milliverkunum við önnur lyf hafa verið gerðar.

Börn

Rannsóknir á milliverkunum hafa eingöngu verið gerðar á fullorðnum.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Zerit ætti ekki að nota á meðgöngu nema brýna nauðsyn beri til. Klínísk reynsla af notkun hjá barnshafandi konum er takmörkuð, en tilvik um meðfædd frávik og fósturlát hafa komið fram.

Rannsókn AI455-094, var gerð í Suður Afríku og lóku 362 barnshafandi konur þátt í athugun á hindrun á smiti frá móður til barns. Afríska konurnar sem byrjuðu í rannsókninni á 34-36 viku meðgöngu fengu meðferð með andretrévélum fram að fæðingu. Innan við 36 klst. eftir fæðingu, hófst hjá nýburunum sem fyrirbyggjandi meðferð sama meðferð og hjá móðurinni sem stóð í allt að sex vikur. Sá hluti sem fékk meðferð sem innihélt stavúdín fékk 1 mg/kg tvisvar á dag í sex vikur. Áhrif meðferðarinnar voru algjöf við allt að 24 vikna aldur. Móðir-barn þörin fengu af handahófi stavúdín (N= 91), dídánósín (N= 94), stavúdín + dídánósín (N= 88) eða zídóvúdín (N= 89). 95% öryggismörk fyrir tíðni smita frá móður til barns reyndust 5,4-19,3% (stavúdín), 5,2-18,7% (dídánósín), 1,3-11,2% (stavúdín + dídánósín) og 1,9-12,6% fyrir zídóvúdín.

Frumniðurstöður þessarar rannsóknar (sjá einnig kafla 4.8), sýna aukna dánartíðni barna í stavúdín + dídánósín með fósturhópnum (10%) samanborið við stavúdín (2%), dídánósín (3%) og zídóvúdín (6%) hópana og einnig aukna tíðni andvana fæðinga í stavúdín + dídánósín hópnum. Gögnunum mjólkursýru í sermi var ekki safnað í þessari rannsókn.

Hins vegar hefur verið greint frá mjólkursýrublóðsýringu stundum banvænni hjá þunguðum konum, sem fengu stavúdín og dídánósín með öðrum veiruhemjandi lyfjum eða án (sjá kafla 4.3 og 4.4). Í dráttílraunum hafa eituráhrif á fósturvísi/fóstur eingöngu komið í ljós þegar mjög stórir skammtar hafa verið notaðir. Forklínískar rannsóknir sýna fram á flutning stavúdíns um fylgju (sjá kafla 5.3). Ekki ætti að gefa Zerit á meðgöngu, fyrr en frekari upplýsingar eru haldbærar, nema að vel íhuguðu máli, ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar svo hægt sé að mæla með Zerit sem fyrirbyggjandi við HIV-smiti frá móður til barns.

Brjóstgjöf

Til að koma í veg fyrir að HIV-smit berist til barnsins er mælt með því að HIV-sýktar konur hafi ekki undir neinum kringumstæðum barn á brjósti. Gögn þau sem til eru um útskilnað stavúdíns í

brjóstamjólk eru ekki nægjanleg til að meta áhættu fyrir barnið. Rannsóknir á mjólkandi rottum sýna að stavúdínn skilst út í brjóstamjólk. Þess vegna ætti að brýna fyrir konum að hætta brjóstagjöf, áður en þær taka Zerit.

Frjósemi

Ekkert benti til skertrar frjósemi hjá rottum við mikla útsetningu (byggt á C_{max}) sem samsvarar allt að 216 faldri útsetningu sem sást eftir ráðlagða meðferðarskammta.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Engar rannsóknir á hæfni til aksturs og notkunar véla hafa verið gerðar. Stavúdínn getur valdið svefndli og/eða svefndrunga. Bryna skal fyrir sjúklingum að forðast áhættusöm verk eins og akstur og notkun véla ef þessi einkenni koma fram.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Meðferð með stavúdínni hefur tengst alvarlegum aukaverkunum t.d. mjólkursýrublósýringu, fiturýrnun og fjöldaugakvilla sem er hugsanlega af völdum eiturverkana á hvaða hátt. Vegna hugsanlegrar hættu við notkun, skal fara fram áhættu/ávinningsskipti á einstaklingsgrundvelli og íhuga vandlega aðra andretróveirumeðferð (sjá kafla 4.4).

Greint hefur verið frá tilvikum um mjólkursýrublósýringu, sem mest undum er banvæn og venjulega tengd alvarlegri lifrabólgu og fituhrönnun lifrar hjá < 1% sjúklinga sem fá samsetta meðferð með stavúdínni og öðrum andretróveirulyfjum (sjá kafla 4.4).

Í mjög sjaldgæfum tilvikum hefur verið greint frá slappleika í hreyfingum hjá sjúklingum sem fá samsetta andretróveirumeðferð þ.m.t. Zerit. Flest þessara tilvika voru í tengslum við hækkuð mjólkursýrugildi í blóði með einkennum eða heilkenni mjólkursýrublósýringar (sjá kafla 4.4). Framrás slappleika í hreyfingum getur lífst klínískri mynd Guillian-Barré heilkennis (þ.m.t. öndunarbílun). Einkenni geta haldið áfram eða versnað eftir að meðferð hefur verið hætt.

Greint hefur verið frá lifrabólgu og lifrabílun, sem í einstaka tilvikum leiddi til dauða í tengslum við notkun stavúdíns (sjá kafla 4.4).

Algennt var að greint væri frá fiturýrnun hjá sjúklingum sem fengu samsetta meðferð með stavúdínni og öðrum andretróveirulyfjum (sjá kafla 4.4).

Úttaugakvilli sást í tveimur rannsóknum með samsetningu Zerit ásamt lamivúdínni + efavírens, tíðni úttaugakvilla var 19% (6% meðallagi alvarleg til alvarleg), þar sem hlutfall þeirra sem hætta þurftu meðferð vegna úttaugakvilla var 2%. Yfirleitt hurfu einkennin hjá þessum sjúklingum eftir að skammtar höfðu verið minnkaðir eða hlé gert á stavúdínni meðferð.

Brisbólga, sem getur verið banvæn, hefur komið í ljós hjá 2-3% sjúklinga sem tóku þátt í klínískum rannsóknum, þar sem aðeins eitt lyf var notað (sjá kafla 4.4). Greint var frá brisbólgu hjá < 1% af sjúklingum í rannsóknum á samsettri meðferð með Zerit.

Samantekt á aukaverkunum, sett upp í töflu

Hér á eftir eru taldar upp í meðallagi alvarlegar eða alvarlegar aukaverkanir sem er a.m.k. hugsanlegt að tengist meðferðaráætluninni (að mati rannsóknarlæknis) og greint var frá í tveimur klínískum slembiröðuðum rannsóknum og langtíma eftirfylgnirannsókn (eftirfylgni: miðgildi 56-119 vikur) hjá 467 sjúklingum sem meðhöndlaðir voru með Zerit ásamt lamivúdínni og efavírens. Einnig eru taldar upp aukaverkanir sem komu fram við andretróveirumeðferð með stavúdínni eftir markaðssetningu. Tíðni aukaverkana hér að neðan er skilgreind á eftirfarandi hátt:

Mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$). Innan tíðniflokkanna eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Blóð og eitlar:	Mjög sjaldgæfar: blóðleysi*, Koma örsjaldan fyrir: daufkyrningafæð*, blóðflagnafæð*
Innkirtlar:	Sjaldgæfar: brjóstastækkun hjá körlum
Efnaskipti og næring:	Algengar: fiturýrnun** (lipoatrophy), hækkuð mjólkursýrugildi í blóði án einkenna, Sjaldgæfar: mjólkursýrublóðsýring (hreyfiferfiðleikar fylgja sumum tilvikum), lysterleysi Mjög sjaldgæfar: blóðsykurshækkun* Koma örsjaldan fyrir: sykursýki*
Geðræn vandamál:	Algengar: þunglyndi Sjaldgæfar: kvíði, tilfinningalegur óstöðugleikur
Taugakerfi:	Algengar: einkenni frá úttaugum, m.a. úttaugakvilli, náladofi og úttaugabólga; sundl, óvenjulegir draumar; höfuðverkur, svefnleysi; óeðlilegar hugsanir/svefnhöfgi Koma örsjaldan fyrir: hreyfiferfiðleikar* (oftast í tengslum við hækkuð mjólkursýrugildi í blóði með einkennum eða heilkennum mjólkursýrublóðsýringar)
Meltingarfæri:	Algengar: niðurgangur, kviðverkir, ógleði, meltingartruflanir Sjaldgæfar: bólsbólga, uppköst
Lifur og gall:	Sjaldgæfar: lifrabólga eða gula Mjög sjaldgæfar: fituhrönnun í lifur* Koma örsjaldan fyrir: lifrabilun*
Húð og undirhúð:	Algengar: útbrot, kláði Sjaldgæfar: ofsakláði
Stoðkerfi og stoðvefur:	Sjaldgæfar: liðverkir, vöðvaverkir
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á kromustöð:	Algengar: þreyta Sjaldgæfar: þróttleysi

*Aukaverkanir sem komu fram eftir markaðssetningu í tengslum við andretróveirumeðferð með stavúdíni.

** Sjá upplýsingar í kafla Lýsing á völdum aukaverkunar.

Lýsing á völdum aukaverkunar

Óæmisendurvirkjunarheilkenni: hjá HIV-sýktum sjúklingum með alvarlegan ónæmisbrest við upphaf samsettrar andretróveirumeðferðar (combination antiretroviral therapy) getur komið fram bólgusvörun vegna einkennalausra tækifærissýkinga eða leifa þeirra. Einnig hefur verið tilkynnt um sjálfsofnæmissjúkdóma (eins og Graves sjúkdóm og sjálfsofnæmis lifrabólga). Hinsvegar er breytilegt hvenær þeir koma fram og geta slík tilfelli komið fram mörgum mánuðum eftir upphaf meðferðar (sjá kafla 4.4).

Fiturýrnun: sýnt hefur verið fram á að stavúdíni valdi rýrnun á fitu undir húð sem er greinilegust í andliti, á útlimum og rasskinnum. Algengi og alvarleiki fiturýrnunar tengist uppsafnaðri útsetningu og gengur oft ekki til baka þegar meðferð með stavúdíni sé hætt. Sjúklinga sem fá Zerit skal skoða

reglulega og spyrja þá um vísbendingar um fiturýrnun. Ef vísbendingar koma fram skal ekki halda meðferð með Zerit áfram (sjá kafla 4.4).

Efnaskiptabreytur: líkamsþyngd og gildi blóðfitu og glúkósa geta aukist á meðan á retróveirulyfjameðferð stendur (sjá kafla 4.4).

Beindrep: skýrt hefur verið frá beindrepi, einkum hjá sjúklingum sem eru með almennt viðurkennda áhættuþætti, langt genginn HIV-sjúkdóm eða eftir notkun samsettrar andretróveirumeðferðar í langan tíma. Tíðni þessa er ekki þekkt (sjá kafla 4.4).

Óeðlilegar rannsóknarniðurstöður: óeðlilegar rannsóknarniðurstöður, sem greint var frá í þessum tveimur rannsóknum og í yfirstandandi eftirfylgnirannsókn voru m.a. hækkun á ALT (> 5-föld eðlileg efri mörk) hjá 3%, hækkun á AST (> 5-föld eðlileg efri mörk) hjá 3%, hækkun lípasa ($\geq 2,1$ -föld eðlileg efri mörk) hjá 3% sem fengu Zerit. Greint var frá daufkyrningafæð (< 750 frumur/mm³) hjá 5%, blóðflagnafæð (blóðflögur < 50.000/mm³) hjá 2% og blóðleysi (líttill blóðrauði < 8 g/dl) hjá 1% sjúklinga sem fengu Zerit.

Í þessum rannsóknum var risarauðkornager (macrocytosis) ekki metið en í fyrri rannsóknum kom í ljós að það tengdist Zerit í fyrri rannsókn (MCV > 112 fl kom fram hjá 30% sjúklinga sem fengu Zerit).

Börn

Ungbörn, börn og unglingar: tíðni og tegund aukaverkana og alvarlegra fræjka í rannsóknarniðurstöðum hjá börnum allt frá fæðingu til unglinga sem fengu stavúdín í klínískum rannsóknum var venjulega sambærilegt við það sem sást hjá fullorðnum. Hins vegar er tíðni úttaugakvilla, sem er klínískt marktækt, minni. Meðal þessara rannsókna er rannsókn ACTG 240, þar sem 105 börn á aldrinum 3ja mánaða til 6 ára fengu Zerit 2 mg/kg/sólarhring í 6,4 mánuði (miðgildi); klínísk samanburðarrannsókn þar sem 185 nýburar fengu Zerit 2 mg/kg/sólarhring eitt sér eða ásamt dídánósín, frá fæðingu til 6 vikna aldurs; og klínísk rannsókn þar sem 8 nýburar fengu Zerit 2 mg/kg/sólarhring ásamt dídánósín og nelfínávír, frá fæðingu til 4ra vikna.

Í rannsókn AI455-094 (sjá einnig kafla 4.6) var eftirfylgnitíminn takmarkaður við aðeins sex mánuði, sem getur verið ófullnægjandi til ná langtmáaupplýsingum um aukaverkanir á taugar og eiturverkun á hvatbera. Marktækt óeðlilegar rannsóknarniðurstöður 3. og 4. stigs sem greint var frá hjá 91 barni sem fengu stavúdín eru: fækkun daufkyrninga hjá 7%, lár blóðrauði 1%, hækkun á ALT hjá 1% og enginn breyting á lípasa. Gögnum um neyðunaryru í sermi var ekki safnað. Enginn merkjanlegur munur var á aukaverkunum hjá hópunum. Hins vegar kom fram aukin dánartíðni barna í stavúdín + dídánósín meðferðarhópnum (10%) samanborið við stavúdín (2%), dídánósín (3%) og zídóvúdín (6%) hópana og einnig aukin tíðni andvæna fæðinga í stavúdín + dídánósín hópnum.

Truflun á starfsemi hvatbera: í upplýsingagrunni um öryggi eftir markaðsetningu er greint frá aukaverkunum sem benda til truflunar á starfsemi hvatbera hjá nýburum og ungum börnum sem eru útsett fyrir einni eða fleirum núkleósíð hliðstæðum (sjá einnig kafla 4.4). HIV-próf nýburanna og barna yngri en þriggja mánaða var neikvætt en hafði tilhneigingu til að vera jákvætt hjá eldri börnum. Aukaverkanir sem greint var frá hjá nýburum og börnum yngri en þriggja mánaða voru hækkun á mjókuvragildum, daufkyrningafæð, blóðleysi, blóðflagnafæð, hækkun lifrartransamínasa og fitu þar með talið þriglýseríð. Fjöldi tilkynninga fyrir eldri börn var ekki nægur til þess að skilgreina þær áttánar.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).*

4.9 Ofskömmtun

Þegar fullorðnir einstaklingar voru meðhöndlaðir með skömmtum allt að 12 sinnum stærri en ráðlagðir skammtar, komu engin bráð eitúráhrif í ljós. Aukakvillar vegna langvarandi ofskömmtunar gætu verið úttaugakvillar og truflun á lifrarstarfsemi. Útskilnaður stavúðins með blóðskilun er að meðaltali 120 ml/mín. Ekki er vitað hvaða þýðingu þetta hefur í sambandi við heildarútskilnað við ofskömmtun. Ekki er vitað hvort hægt er að skilja stavúðin út með kviðskilun.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Veirulyf til altækrar notkunar, núkleósíða og núkleótíða bakritahemlar. Tilvísunarflokkur: J05AF04

Verkunarháttur

Stavúðin sem er týmídín hliðstæða, fosfórýlerast fyrir áhrif frumukínasa í stavúðinþrífosfat, sem hindrar virkni bakrita (reverse transcriptasa) HIV veira með því að ryðja frá náttúrulega efninu týmídínþrífosfati. Það hemur einnig DNA nýmyndun veira, með því að koma í veg fyrir lengingu DNA keðjunnar vegna vöntunar á 3'-hýdroxýlhóp sem er nauðsynlegur fyrir lengingu DNA keðjunnar. DNA pólýmerasi γ inni í frumum er einnig viðkvæmur fyrir hindrun af völdum stavúðinþrífosfats á meðan frumupólýmerasarnir α og β verða fyrir hindrun í þéttni sem er 4.000 meiri fyrir α og 40 sinnum meiri fyrir β en nauðsynleg er til að hindra virkni HIV bakritahemils.

Ónæmi

Meðferð með stavúðinni getur valdið og/eða viðhaldið stökkbreytingum tengdum týmídínhliðstæðum sem tengjast ónæmi gegn zídóvúðinni. Minnkun kenndis *in vitro* er óverulegt og krefst tveggja eða fleiri stökkbreytinga tengdum týmídínhliðstæðum (t.d. M41L og T215Y) til að næmi gegn stavúðinni skerðist (> 1,5 falt).

Tíðni þessara stökkbreytinga tengdum týmídínhliðstæðum er svipuð við veirumeðferð með stavúðinni og zídóvúðinni. Klínískt mikilvægi þessara uppgötvana gefur til kynna að almennt skuli forðast gjöf stavúðins ef stökkbreytingar tengdum týmídínhliðstæðum eru til staðar, einkum M41L og T215Y. Stökkbreytingar t.d. Q151M sem tengjast myndun ónæmis gegn fjölda lyfja hafa einnig áhrif á virkni stavúðins. Auk þess hefur verið greint frá K65R hjá sjúklingum sem fengu stavúðin/dídanósín eða stavúðin/lamivúðin, en ekki hjá sjúklingum sem fengu stavúðin eitt og sér. *In-vitro* veldur stavúðin V75T og skerðir næmi gegn stavúðinni 2-falt. Þetta á sér stað hjá ~1% sjúklinga sem fá stavúðin.

Verkun og öryggi

Rannsóknir hafa verið gerðar á Zerit samtímis notkun annarra andretróveirulyfja t.d. dídanósín lamivúðin, rítónavír, sakvínavír, efavírens og nelfínavír.

Sjúklingar sem hafa ekki fengið andretróveirumeðferð áður

Rannsókn AI455-099 var 48 vikna, tvíblind slembivals samsett rannsókn með Zerit (40 mg tvisvar sinnum á sólarhring) ásamt lamivúðin (150 mg tvisvar sinnum á sólarhring) + efavírens (600 mg einu sinni á sólarhring). Í rannsókninni tóku 391 sjúklingur, sem ekki höfðu fengið neina meðferð áður, þátt. Miðgildi CD4 var 272 frumur/mm³ (á bilinu 61-1.215 frumur/mm³) og miðgildi HIV-1 RNA í plasma var 4,80 log₁₀ afrit/ml (á bilinu 2,6-5,9 log₁₀ afrit/ml) miðað við upphafsgildi. Sjúklingarnir voru aðallega karlar (70%) og ekki af hvítum kynþætti (58%) og miðgildi aldurs var 33 ár (á bilinu 18-68 ára).

Rannsókn AI455-096 var 48 vikna, tvíblind, slembivals samsett rannsókn með Zerit (40 mg tvisvar sinnum á sólarhring) ásamt lamivúðin (150 mg tvisvar sinnum á sólarhring) + efavírens (600 mg einu

sinni á sólarhring). Í rannsókninni tóku 76 sjúklingar, sem ekki höfðu fengið neina meðferð áður, þátt. Miðgildi CD4 var 261 fruma/mm³ (á bilinu 63-962 frumur/mm³) og miðgildi HIV-1 RNA í plasma 4,63 log₁₀ afrit/ml (á bilinu 2,3-5,9 log₁₀ afrit/ml) miðað við upphafsgildi. Sjúklingar voru aðallega karlar (76%) og hvítir (66%) miðgildi aldurs var 34 ár (á bilinu 22-67 ára).

Niðurstöður úr rannsóknum AI455-099 og AI455-096 eru birtar í töflu 1. Þessar rannsóknir voru gerðar til að bera saman tvö lyfjaform Zerit annað þeirra var markaðssett lyfjaform og var gefið samkvæmt samþykktum leiðbeiningum. Eingöngu eru birtar upplýsingar um markaðssetta lyfjaformið.

Tafla 1: Niðurstöður varðandi verkun í viku 48 (Rannsókn AI455-099 og AI455-096)

Mælipættir	AI455-099	AI455-096
	Zerit + lamivúdín + efavírens n=391	Zerit + lamivúdín + efavírens n=76
HIV RNA < 400 eintök/ml, svörun við meðferð, %		
Allir sjúklingar	73	66
HIV RNA < 50 eintök /ml, svörun við meðferð, %		
Allir sjúklingar	55	38
HIV RNA Meðaltalsbreyting frá grunnviðmiðun, log₁₀ eintök /ml		
Allir sjúklingar	-2,83 (n=321 ^a)	2,6 (n=58)
CD4 Meðaltalsbreyting frá grunnviðmiðun, frumur/mm³		
Allir sjúklingar	182 (n=314)	195 (n=55)

^a Fjöldi sjúklinga sem hægt var að meta.

Börn

Notkun stavúdíns hjá unglíngum, börnum og ungbörnum er studd með upplýsingum um lyfjahvörf og öryggi hjá börnum (sjá einnig kafla 4.8 og 5.2).

5.2 Lyfjahvörf

Frásög

Heildaraðgengi er 86±18%. Eftir endurtekna inntöku skammta 0,5-0,67 mg/kg, næst C_{max} 810±175 ng/ml. C_{max} og AUC_{0-∞} komu í réttu hlutfalli við skammta á bilinu 0,0625-0,75 mg/kg í bláæð og 0,033-4,0 mg/kg til inntöku.

Hjá 8 sjúklingum sem fengu 40 mg tvisvar á sólarhring, fastandi, var AUC við stöðuga þéttni 1284±227 ng klst./ml (86%) (meðal±SD [% CV]), C_{max} var 536 ± 146 ng/ml (27%), C_{min} var 9±8 ng/ml (89%). Rannsóknir á einkennalausum sjúklingum leiddu í ljós að aðgengi er svipað hvort sem lyfið er gefið með stöðugu rituríkri máltíð eða á fastandi maga, en C_{max} er lægra og T_{max} lengra. Hvaða klíníka þýðingu þetta hefur er ekki vitað.

Dreifing

Sýnilegi dreifingarrúmmál við stöðuga blóðþéttni er 46±21 lítrar. Ekki var hægt að greina stavúdín í niðla- og mænuvökva fyrr en a.m.k. tveimur klst. eftir inntöku. Fjórum klst. eftir gjöf reyndist heila- og mænuvökva/plasma hlutfallið vera 0,39±0,06. Engin marktæk uppsöfnun stavúdíns kom fram við endurtekna gjöf á 6, 8 eða 12 klst. fresti. Þegar þéttni var á bilinu 0,01-11,4 µg/ml var binding stavúdíns við prótein í sermi hverfandi. Stavúdín dreifist jafnt milli rauðra blóðkorna og plasma.

Umbrot

Stavúdín á óbreyttu formi var aðalþátturinn í heildarplasmageislavirkni í blóðrás hjá heilbrigðum einstaklingum eftir inntöku 80 mg skammts af ¹⁴C-stavúdíni. Flatarmál undir blóðþéttiferli (AUC_{inf}) fyrir stavúdín var 61% af flatarmáli undir blóðþéttiferli (AUC_{inf}) fyrir heildarplasmageislavirkni í blóðrás. Umbrotsefni eru oxað stavúdín, glúkúrónsamtingingar stavúdíns og oxuð umbrotsefni þeirra

og N- acetyl cysteinsamtenging ribósans í kjölfar glýkósíðrofs sem bendir til að týmín sé einnig umbrotsefni stavúðins.

Brotthvarf

Eftir inntöku á 80 mg skammti af ¹⁴C-stavúðinni er hlutfall af heildargeislavirkni hjá heilbrigðum einstaklingum u.þ.b. 95% í þvagi og 3% í saur. Um það bil 70% af skammti stavúðins sem var gefinn til inntöku var skilinn út í þvagi á óbreyttu formi. Meðal úthreinsun lyfsins sjálfs um nýru er u.þ.b. 272 ml/mín sem er u.þ.b. 67% úthreinsunar eftir inntöku, sem bendir til virkrar seytingar í nýrnapiplum til viðbótar gauklasíun.

Hjá HIV-sýktum sjúklingum er heildarúthreinsun stavúðins 594±164 ml/mín. og úthreinsun um nýru 237±98 ml/mín. Heildarúthreinsun stavúðins virðist hærri hjá HIV-sýktum sjúklingum en úthreinsun um nýru er svipuð hjá heilbrigðum einstaklingum og HIV-sýktum sjúklingum. Verkunarháttur og hvaða klínísku þýðingu þessi mismunur hefur er ekki þekkt. Eftir gjöf í bláæð, skilst 42% (á bilinu 13% til 87%) út óbreytt með þvagi. Samsvarandi gildi eftir inntöku af einum skammti er 35% (á bilinu 8% til 72%) og 40% (á bilinu 12% til 82%), eftir inntöku endurtekinna skammta. Helmingunartími brotthvarfs stavúðins er að meðaltali 1,3 til 2,3 klst. eftir inntöku eins skammts eða eftir inntöku endurtekinna skammta og er óháður skammti. Í *in vitro* rannsóknum er helmingunartími stavúðinþrifosfats 3,5 klst. inni í CEM T-frumum (T-eitilfrumumóðir í mönnum) og í einkyrningsfrumum í blóði, sem styður skömmun tvisvar á dag. Lyfjahlvörf stavúðins eru óháð tíma, þar sem hlutfallið á milli AUC_(0-∞) við stöðuga þéttni og AUC_(0-t) eftir fyrsta skammt er u.þ.b. 1. Breytileiki á lyfjahlvörfum stavúðins eftir inntöku er lítil eða um 15% hjá sama sjúklingi og um 25% á milli sjúklinga.

Sérstakir sjúklingahópar

Skert nýrnastarfsemi: úthreinsun stavúðins minnkar eftir því sem kreatínín úthreinsun minnkar. Þess vegna er mælt með að skammtar Zerit séu minnkaðir hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi (sjá kafla 4.2).

Skert lifrastarfsemi: lyfjahlvörf stavúðins hjá sjúklingum með skerta lifrastarfsemi voru sambærileg og hjá sjúklingum sem höfðu eðlilega lifrastarfsemi.

Börn

Ungbörn, börn og unglingar: vöðun stavúðins var sambærileg hjá unglíngum, börnum og nýburum eldri en 14 daga sem fá 2 mg/kg/sólarhring og fullorðnum sem fá 1 mg/kg/sólarhring. Greinileg úthreinsun eftir inntöku var u.þ.b. 14 ml/mín/kg hjá sjúklingum á aldrinum 5 vikna til 15 ára, 12 ml/mín/kg hjá ungbörnum á aldrinum 14 til 28 daga og 5 ml/mín/kg hjá ungbörnum fæðingardaginn 2-3 klst. eftir inntöku er heila og mænuvökva/plasma hlutfallið fyrir stavúðin 16-125% (meðaltal 59% ±35%)

5.3 Farmakínískar upplýsingar

Niðurstöður dýraránnsóka sýndu fram á eitiráhrif á fósturvísi/fóstur við mjög stóra skammta. Í *ex vivo* rannsókn þar sem fylgja eftir fullgengna meðgöngu hjá konu var notað sem líkan kom fram að stavúðin nær blóðrás fósturs með venjulegu flæði. Rannsókn á rottum leiddi einnig í ljós flutning stavúðins um fylgju, þar sem þéttni stavúðins í vefjum fósturs var um það bil 50% af þéttni stavúðins í blóði móður.

Stavúðin hafði eitiráhrif á erfðaeefni í *in vitro* rannsóknum á eitilfrumum með þrifosfórýleringsvirkni, í mönnum (þar sem staðfest var að einhver virkni væri alltaf til staðar), á trefjakímfrumum (fibroblast) í músum og *in vivo* rannsóknum á litningagöllum. Sambærileg áhrif hafa komið í ljós með öðrum nukleósíð hliðstæðum.

Stavúðin veldur krabbameini í músum (lifraráxli) og í rottum (lifraráxli: gallgangakrabbamein, lifrarkrabbamein, blandað lifrar/gallgangakrabbamein og/eða æðakrabbamein og krabbamein í

þvagblöðru) við mjög stóra skammta. Engin krabbameinsvaldandi áhrif komu í ljós þegar músum voru gefin 400 mg/kg/sólarhring og rottum voru gefin 600 mg/kg/sólarhring, en það samsvarar u.þ.b. 39-földum og 168-földum áætluðum skammti hjá mönnum, sem gefur til kynna hverfandi krabbameinsvaldandi áhrif stavúðins, þegar það er notað í venjulegum skömmtum.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Innihald hylkis

Mjólkursykur

Magnesiumsterat

Örkristlluð sellulósa

Natríumsterkjuglýkólat

Hylkið sjálf

Matarlím

Járnoxíð (litarefni E172)

Kísiltvíoxíð

Natríumlárlsúlfat

Títantvíoxíð (E171)

Svart blek inniheldur

Gljálakk

Próýlenglýkól

Hreinsað vatn

Kalíumhýdroxíð

Járnoxíð (E172).

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

2 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið við lægri hita en 25°C. (aclar/álpynnupakkningar)

Geymið ekki við hærri hita en 30°C. (HDPE flöskur)

Geymið í upprunalegum umbúðum.

6.5 Þero fláts og innihald

HDPE glös með skrúfuðu öryggisloki (60 hylki í glasi).

Aclar/álpynnur með 14 hylkjum í hverri þynnu og 4 þynnur í hverri pakkningu (56 hylki).

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

BRISTOL-MYERS SQUIBB PHARMA EEIG
Plaza 254
Blanchardstown Corporate Park 2
Dublin 15
D15 T867
Írland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/96/009/001 - 008

**9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR
MARKAÐSLEYFIS**

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 8. maí 1996
Dagsetning síðustu endurnýjunar markaðsleyfis: 20. apríl 2011

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

{mán ár}
Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu/>.

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

1. HEITI LYFS

Zerit 200 mg mixtúruduft, lausn

2. INNIHALDSLÝSING

Hver flaska inniheldur 200 mg stavúdín.
1 ml af fullbúnu lyfi inniheldur 1 mg stavúdín.

Hjálparefni með þekkta verkun

Hver flaska inniheldur 31,5 mg propýlhýdroxýbensóat (E216)

Hver flaska inniheldur 315 mg metýlhýdroxýbensóat (E218)

Hver flaska inniheldur 10,15 g súkrósa

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Mixtúruduft, lausn.

Beinhvítt/fölbleikt, kornótt duft.

4. KLÍNISKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Zerit er ætlað til meðferðar á fullorðnum sjúklingsum með HIV sýkingu, samtímis meðferð með öðrum andretróvirulyfjum og börnum (frá fæðingu) sýkingu þegar ekki er hægt að notast við aðra andretróvirumeðferð. Meðferð með Zerit á að vera eins stutt og kostur er (sjá kafla 4.2).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Einungis læknir með reynslu í meðferð HIV sýkinga á að hefja meðferðina (sjá einnig kafla 4.4).

Þegar meðferð með Zerit hefst á að hafa meðferðina eins stutta og kostur er og skipta í aðra viðeigandi meðferð þegar það er mögulegt. Sjúklingar sem halda áfram meðferð með Zerit á að meta oft og skipta yfir í aðra viðeigandi meðferð þegar það er mögulegt (sjá kafla 4.4).

Skammtar

Fullorðnir: ráðlagðir skammtar til inntöku

Þyngd sjúklings	Skammtur Zerit
< 60 kg	30 mg tvisvar sinnum á dag (á 12 klst. fresti)
≥ 60 kg	40 mg tvisvar sinnum á dag (á 12 klst. fresti)

Börn

Unglingar og börn og ungbörn: ráðlagðir skammtar til inntöku

Aldur og/eða þyngd sjúklings	Skammtur Zerit
Frá fæðingu* – 13 daga	0,5 mg/kg tvisvar sinnum á dag (á 12 klst. fresti)
14 daga (a.m.k.) og < 30 kg	1 mg/kg tvisvar sinnum á dag (á 12 klst. fresti)
≥ 30 kg	sömu skammtar og fyrir fullorðna

*Skammtastærð fyrir nýbura 0-13 daga byggir á meðaltals niðurstöðum rannsóknar og tekur ekki tillit til einstaklingsmunar á þroska nýrna. Ekki eru fyrirbyggjandi skammtaleiðbeiningar fyrir nýbura sem fæðast eftir minna en 37 vikna meðgöngu.

Nota á Zerit mixtúruduft, lausn hjá börnum yngri en 3 mánaða. Fullorðnir sjúklingar sem eiga í erfiðleikum með að gleypa hylkin ættu að spyrja lækinn um möguleika á að skipta yfir í duftform lyfsins.

Leiðbeiningar um blöndun, sjá kafla 6.6.

Breytingar á skömmtum

Úttaugakvillar: ef einkenni úttaugakvilla koma fram (venjulega er um þrálátan dofa, náladof, óþægnað verk í fótum og/eða höndum að ræða) (sjá kafla 4.4), ef við á þarf að breyta meðferðinni. Ef það hentar ekki, sem er sjaldgæft má hugsanlega minnka skammt stavúdíns en fylgjast vel með einkennum úttaugakvilla og viðhalda viðunandi veirubælingu.

Hugsanlega kosti þess að minnka skammta þarf að veita og meta fyrir hvert einstaktílik gegn áhættunni, sem getur skapast við þessa aðgerð (minni þéttni inni í frumunni).

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir: Ekki hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á Zerit hjá sjúklingum eldri en 65 ára.

Skert lifrarstarfsemi: ekki er nauðsynlegt að breyta upphafsskammtum.

Skert nýrnastarfsemi: mælt er með eftirfarandi skömmtum.

Þyngd sjúklings	Skammtur Zerit (með kreatínín úthreinsun til hliðsjónar)	
	26-50 ml/mín	≤ 25 ml/mín (einnig sjúklingar í himnuskilun*)
< 60 kg	15 mg tvisvar sinnum á dag	15 mg á 24 klst. fresti
≥ 60 kg	20 mg tvisvar sinnum á dag	20 mg á 24 klst. fresti

* Sjúklingar í blóðskilun eiga að taka Zerit að henni lokinni og á sama tíma þá daga sem þeir fara ekki í blóðskilun.

Þar sem útskilnað stavúdíns er einnig aðallega um nýru hjá börnum getur úthreinsun stavúdíns hugsanlega verið breytt hjá börnum með skerta nýrnastarfsemi. Þótt ófullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi til að ráðleggja ákveðna breytingu á skömmtum Zerit hjá þessum sjúklingum þarf að hugleiða að minnka skammta og/eða auka skammtabil. Engar ráðleggingar um skammta eru fyrir börn yngri en þriggja mánaða með skerta nýrnastarfsemi.

Lyfjagjöf

Fyrir hámarks frásog á að taka Zerit fastandi (þ.e. a.m.k. einni klst. fyrir máltíð) ef það er ekki mögulegt má taka það með léttari máltíð.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju öðru af innihaldsefnum lyfsins sem talin eru upp í kafla 6.1. Samhliðanotkun dídánósíns vegna hugsanlegra hættulegra og/eða lífshættulegra tilfella mjólkursýrublóðsýringar, óeðlilegrar lifrarstarfsemi, brisbólgu eða úttaugakvilla (sjá kafla 4.4 og 4.5).

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Þrátt fyrir sýnt hafi verið fram á að veiruhamlandi virkni með andretróveirumeðferð minnki verulega smithættu við kynlíf, er ekki hægt að útiloka að einhver áhætta sé til staðar. Gera skal varúðarráðstafanir til að hindra smit samkvæmt leiðbeiningum í hverju landi fyrir sig. Meðferð með stavúðin tengist ýmsum alvarlegum aukaverkunum t.d. mjólkursýrublóðsýringu, fiturýrnun og fjöltaugakvilla sem er hugsanlega af völdum eiturverkana á hvatbera. Vegna hugsanlegrar hættu við notkun, skal fara fram áhættu/ávinningss mat á einstaklingsgrundvelli og íhuga vandlega aðra andretróveirumeðferð (sjá *Mjólkursýrublóðsýring*, *Fiturýrnun* og *Fjöltaugakvillar* hér fyrir neðan og kafla 4.8).

